

**UST**

*Umhverfisstofnun*

*Environment and Food Agency of Iceland*

Sveitarfélagið Árborg  
Grétar Zóphaníasson,  
fulltrúi  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 16. apríl 2007  
Tilvísun: UST20070300103/bs

### **Tillaga að deiliskipulagi íbúðabyggðar vestan Kaðlastaða á Stokkseyri. Umsögn**


Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Árborgar dags. 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Hér er um að ræða byggð við vestur jaðar þorpsins sem afmarkast af sjóvarnargarði til suðurs og Löngudæl til norðurs. Fyrirhugað er að byggð verði lágreist á núverandi vegstæði við sjóvarnargarð, en við Löngudæl verði reist hús allt að 6 hæðir.


Skipulagssvæðið nær til norðurs að mörkum svæðis nr. 776 á náttúruminjaskrá, **Vötn, tjarnir og flóð við Stokkseyri.**

Umhverfisstofnun telur ólíklegt að fyrirhuguð byggð muni hafa áhrif á vatnasvið Löngudælar. Stofnunin telur hins vegar að bygging allt að sex hæða hárra turna gæti orkað tvímælis á einhverju flatasta svæði landsins þar sem frekar lágreist hús einkenna þá byggð sem fyrir er. Byggingarnar gætu virkað undarlega settar í þessu umhverfi og hugsanlega haft neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Sem dæmi um hús sem stofnunin telur að sé vel aðlagað að umhverfi sínu skal bent á hús Páls Ísólfssonar austan við Stokkseyri. Vakin er athygli á að umfjöllun um fráveitumál skortir í greinargerð með deiliskipulaginu.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson

Afrít: Skipulagsstofnun

  
Helgi Jónsson

Forstöðumaður